

Góð ráð fyrir eigendur gæludýra

Nauðsynlegt er að gefa dýrum gaum um áramót, þau skilja ekki frá hverju ljósangangur, hvellir og púðurlykt stafa og geta fyllst óöryggi.

- Best er að dýr séu ekki úti á gamlársdag og þrettándanum.
- Gott er að draga fyrir glugga á gamlárskvöld og hafa opið fyrir útvarp þannig að hvellir og ljósangangur að utan hafi minni áhrif.
- Dýraeigendum er bent á að hafa sérstakan vara á þegar farið er gönguferðir eða útreiðatúra á þessum árstíma. Þeir sem eiga ekki hesta eða gæludýr átta sig síður á því að hvellir og ljós geta fælt skepnur.
- Flugeldar og dýr eiga ekki samleið. Aldrei skal vera með dýr þar sem verið er að skjóta upp flugeldum.

Samkvæmt reglum um flugelda er heimilt að skjóta upp flugeldum frá 27. desember til 6. janúar ár hvert en ekkert þar á milli án sérstakra leyfa. Mest er þó skotið upp á gamlársdag og á þrettándanum.



Áramót eru mörgum til mikillar gleði. Flugeldar lýsa og lífga upp á skammdegið með litum sínum og hvellum. Hjá sumum dýraeigendum getur þetta verið erfiður tími þar sem dýr eru misnægð fyrir ljósum og hávaða. Til að hjálpa dýraeigendum hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg tekið saman ráðleggingar til dýraeigenda þar sem farið er yfir atriði sem vert er að hafa í huga um áramótin. Okkur til aðstoðar og ráðleggingar voru Landssamband hestamanna og Dýralæknastofa Dagfinns ásamt vönu leitarhundafólki úr röðum björgunarsveita. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

☎mi 5705900 • www.landsbjorg.is

Flugeldar og gæludýr

Gleymum ekki...




...bestu vinunum



Hundar

Hundar eru bestu vinir eigenda sinna og treysta á þá. Það er því nauðsynlegt að gera ráðstafanir.


- Best er að halda hundum inni á gamlársdag, gamlárskvöld, nýárskvöld og þrettándanum. Gott er að útbúa fyrir þá góða aðstöðu, skjól í einhverju rými sem þeir þekja og finna til öryggistilfinningar t.d. undir borði þar sem þeir geta haft dýnuna sína eða teppið sitt.
- Hafðu hjá þeim uppáhalds dótið þeirra þannig að þeir geti leikið sér. Gættu þess að það sé ekkert í rýminu sem hundurinn getur slasað sig á og skemmt. Ef þú átt búr sem hundurinn er vanur er gott að geyma hann í því.
- Gott er að draga fyrir glugga á gamlárskvöld og hafa opið fyrir útvarp þannig að hvellir og ljósangangur að utan hafi minni áhrif.
- Hræðsla hjá hundum getur aukist með árunum, en hægt er að venja hunda við hljóðið af flugeldum t.d. með því að spila hljóðupptöku af sprengingum og hækka styrkinn smá saman. Þetta verður þó að athuga tímanlega. Sumir hundar leita í fang eigandans þegar þeir verða hræddir, en aðrir vilja vera einir.
- Ef þú ætlar út með hundinn, hafðu hann í taumi.



Kettir

Kettir ganga mikið lausir og því er mikilvægt að gera ráðstafanir tímanlega. Vonlaust getur verið að finna kisu þegar þess þarf.

- Mikilvægt er að kettir séu inni allan daginn á gamlársdag, nýárskvöld og þrettándanum.
- Gott er að draga fyrir glugga á gamlárskvöld og hafa opið fyrir útvarp þannig að hvellir og ljósangangur að utan hafi minni áhrif.
- Ef kötturinn hefur verið mjög stressaður um áramót er spurning hvort eigi að gefa honum róandi lyf. Ekki er ráðlegt að gefa köttum róandi lyf um áramót, nema í undantekningartilfellum. Leitaðu tímanlega til dýralæknis og ráðfærðu þig við hann.



Hestar

Flestir hestar eru í hesthúsum á þessum árstíma og því er hægt að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Hestar fælast við skyndilegan hávaða og þarf að umgangast þá af varúð um þetta

- Best er að hafa hesta inni í hesthúsum á gamlársdag og þrettándanum en ekki lausa úti í gerðum og alls ekki eftirlitslausa. Gott er að líta eftir hrossum eftir miðnætti þegar mesti atgangurinn er yfirstaðinn.
- Gott er að bygja rúður í hesthúsum á gamlárskvöld og hafa opið fyrir útvarp þannig að hvellir og ljósangangur hafi minni áhrif.
- Hestamenn eru hvattir til að hafa sérstakan vara á þegar farið er í útreiðatúra á þessum árstíma. Þeir sem eiga ekki hesta eða gæludýr átta sig síður á því að hvellir og ljós geta fælt skepnur.
- Bændum og þeim sem eiga hross eða stóð í nágrenni við þéttbýli eða sumarhús er bent á að gera ráðstafanir og smala hrossum heim eða hafa eftirlit með þeim á meðan mestu lætin ganga yfir.